

**Ákvörðun Samgöngustofu nr. 132/2018 vegna kvörtunar um aflýsingu á flugi
TO3851 þann 7. september 2017.**

I. Erindi

Þann 22. október 2017 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá A (kvartandi). Kvartandi átti bókað flug með flugi Transavia (TA) TO3851 frá Keflavík til París kl. 01:00 þann 7. september 2017 en fluginu var aflýst.

Kwartendur fara fram á staðlaðar skaðabætur og endurgreiðslu fargjalds samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

II. Málavextir og bréfaskipti

SGS sendi TA beiðni um umsögn varðandi kvörtun kvartanda þann 23. október 2017. Þeirri beiðni var ekki svarað. TA var gefið annað tækifæri til að veita umsögn í málínu þann 19. október 2018, engin svör bárust frá TA. Lokaítrekun var send til TA þann 29. október 2018, þeirri ítrekun var ekki heldur svarað. TA hefur því ekki gefið umsögn í málínu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu Samgöngustofu til að fá TA til að gefa umsögn sína í máli þessu.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlag. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar, sbr. 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um aflýsingu flugs og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal farþegum ef flugi er aflýst, boðin aðstoð af hálfu flugrekandans í samræmi við 8. gr. og a-lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. Í 8. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt farþega til þess að fá endurgreitt eða að fá flugleið breytt.

Þar kemur nánar tiltekið fram að flugfarþegar eigi eftirfarandi kosta vöл; að fá innan sjö daga endurgreitt að fullu upprunalegt verð farmiðans, að breyta flugleið, með sambærilegum flutningsskilyrðum, til lokaákvörðunarstaðar eins fljótt og auðið er, eða að breyta flugleið, með sambærilegum flutningsskilyrðum og komast til lokaákvörðunarstaðar síðar meir.

Auk framangreinds gildir að sé flugi aflýst eiga farþegar rétt á skaðabótum frá flugrekanda í samræmi við 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, hafi ekki verið tilkynnt um aflýsingu á þann hátt sem mælt er um í i) – iii) liðum c-liðar 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þetta gildir nema flugrekandi geti sýnt fram á að flugi hafi verið aflýst af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir, sbr. 3. mgr. 5 gr. reglugerðarinnar.

Loftferðalögum nr. 60/1998 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþega til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þróngt, sbr. dóm Evrópusömlausins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07 Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia og almennar meginreglur um túlkun lagaákvæða.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita er fjallað í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram að flugrekandi skuli greiða bætur samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar með sama hætti og þegar flugi er aflýst, sbr. 5. gr. sömu reglugerðar. Með dómi Evrópusömlausins frá 19. nóvember 2009 í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07 komst dómstóllin að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerðina með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst, sbr. 5 gr. reglugerðarinnar. Liggur þannig fyrir að verði farþegar fyrir þriggja tíma seinkun á flugi eða meira sem gerir það að verkum að þeir koma á ákvörðunarstað þremur tímum síðar eða meira en upprunaleg áætlun flugrekandans kvað á um geta þeir átt rétt á bótum samkvæmt 7. gr. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar ber þó flugrekanda ekki skylda til að greiða skaðabætur í samræmi við 7. gr. ef hann getur fært sönnur á að flugi hafi verið aflýst eða því seinkað af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. reglugerðinni hvílir sönnunarbyrðin á flugrekandanum.

Samgöngustofa vill benda á að samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er með reglugerðinni leitast við að auka neytendavernd með því að skýra réttindi farþega og kveða á um meðferð kvartana með það fyrir augum að einfalda málsmeðferð og auðvelda úrlausn mála. Þá bendir Samgöngustofa á að það er meginregla samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 að farþegar eiga rétt á skaðabótum verði þeir fyrir aflýsingu eða mikilli seinkun á flugi. Sönnunarbyrði fyrir því að óviðráðanlegar aðstæður hafi verið uppi hvílir alfarið á flugrekandanum og ber honum að sýna fram á að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir aflýsinguna eða seinkunina. Takist sú sönnun ekki ber flugrekandinn hallann af þeim sönnunarskorti. Þar sem reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að

tryggja ríka vernd fyrir farþega ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þróngt. Með hliðsjón af skorti á svörum frá flugrekanda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þess efnis af hálfu Samgöngustofu og í ljósi þess að sönnunarfærslan hvílir alfarið á flugrekanda í málum sem þessum, telur Samgöngustofa að kvartandi eigi rétt á stöðluðum skaðabótum úr hendi Transavia samkvæmt 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Kwartandi gerði kröfu um endurgreiðslu flugfargjalds. Sé flugi aflýst er ljóst að farþegar eiga rétt á endurgreiðslu fargjalds, sbr. a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Flugi TO3851 var sannanlega aflýst og á kvartandi því rétt á endurgreiðslu á flugfargjaldi sínu að fullu vegna flugs TO3851 þann 7. september 2018.

Ákvörðunaronorð

Transavia ber að greiða kvartanda staðlaðar skaðabætur að upphæð 400 evrur skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Transavia ber að endurgreiða flugfargjald kvartanda að fullu vegna flugs TO3851 þann 7. september 2017, skv. a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar EB nr 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Ákvörðun þessi er kæranleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 13. desember 2018.

Ómar Sveinsson

Andri Rúnar Gunnarsson